

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Dagsverk ehf.  
kt. 701293-3989

Starfsstöð: Við Vallaveg, 700 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 217-6310

Leyfið gildir frá 13. September 2022 til 13. september 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Sorphirðu og flutning á úrgangi til söfnunar- og/eða móttökustöðvar
- Viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja í eigu fyrirtækisins

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfiskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt á starfsstöð. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson,  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Dagsverk ehf., kt. 701293-3989

Starfsstöð: Við Vallaveg, 700 Egilsstaðir

Fastanúmer: 217-6310

Leyfið gildir frá 13. september 2022 til 13. september 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Sorphirðu og flutning á úrgangi til söfnunar- og /eða móttökustöðvar**
- **Viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja í eigu fyrirtækisins**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 21. mars 2022.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

---

Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur sorphirðu og flutning á úrgangi til söfnunar- og/eða móttökustöðvar. Leyfið nær einnig til viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja í eigu fyrirtækisins.

Ekki er olúskilja á fráveita frá verkstæðinu.

Starfsleyfi þetta nær ekki til flutnings á spilliefnum eða fljótandi úrgangi.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Fylgiskjal I - Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Fylgiskjal II - Starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur*
- *Fylgiskjal III - Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum*

## 2. Almenn ákvæði og gildissvið

---

### 2.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfsemi og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Starfsemi rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði starfstöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfið þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

### 2.2. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

### 2.3. Stöðvun rekstrar

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um tímabundna rekstrarstöðvun eða varanlega rekstrarstöðvun og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megj út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnunum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

### 2.4. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

### 2.5. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 3. Umhverfið, umhverfismarkmið og áætlanir

---

### 3.1. Umhverfismarkmið

Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

### 3.2. Umhverfisstjórnunarkerfi

Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

### 3.3. Viðbragðsáætlun

Starfsleyfishafi skal útbúa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunin skal að lágmarki fela í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlitsins. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi eða aðstæðum á starfsstöð, og yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg starfsmönnum og eftirlitsaðila.

### 3.4. Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

### 3.5. Lóð og umhverfi

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu og lóðarmörk virt. Allar vélar og tæki og annað það er starfsemi tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrífum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágretta.

Skerma þarf af lóðarmörk með grindverki, mön eða gróðri innan lóðar í samræmi við við stefnu í aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð fyrirtækisins.

## 4. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða og/eða lagar sem kannað stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 4.1. Fráveitur

Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður.

Olíuskilja skal vera á fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram, þ.e. gólf og vöskum í vinnusal áður en lagnir sameinast skólplögn. Sama gildir um þrær og plön undir olíutanka, einnig úrgangsolíutank. Olíuskiljur skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur og gildandi staðla um olíuskiljur, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, og hreinsa olíu niður fyrir 15 ppm í frárennslinu að lágmarki. Frárennsli sem í olíuskilju fer skal renna um sandskilju.

Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju og taka sýni úr frárennslinu. Allar nýjar olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörðunarbúnaði og lokunarbúnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar.

Hafa skal reglubundið eftirlit með mengunarvörnum og hreinsa með reglubundnum hætti, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Mæla skal magn olíu í skiljunni reglulega, en þó eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Tæma og hreinsa skal eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í innra eftirlit starfstöðvar.

Þvottur véla- og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu yfirborði með afrennsli um olíugildru eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Þvottur tækjum og bifreiðum skal fara fram á olíuheldu yfirborði með afrennsli um sandfang og olíugildru.

Starfsleyfishafi skal tryggja að mælingar á frárennsli sbr. kafla 4 í starfsleyfi þessu séu framkvæmdar.

#### **4.2. Meðferð úrgangs**

Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br., eftir því sem við á.

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins og flokkaður eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnotkunar.

Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hann hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Spilliefni skulu geymd í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni. Geymsla spilliefna skal vera undir þaki eða skyggni með ógegndræpu yfirborði þar sem fráveita er tengd viðeigandi mengunarvarnabúnað. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

#### **4.3. Olíugeymar**

Við rekstur olíugeyma ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar olíu eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, árekesturs-, eld- og slysavarnir.

Staðsetja skal olíugeyma s.s. neyslugeyma, einnig úrgangsolíutank, á vökvaheldu yfirborði tengt olíuskilju, þar sem því verður við komið. Annars skal gæta þess að jarðvegur undir sé eins þéttur og völ er á og að ekki halli þannig frá geymasvæði að olíuleki breiðist auðveldlega út. Staðsetning olíugeyma þarf samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits. Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

#### **4.4. Efnavara**

Við meðhöndlun og geymslu efnavöru ber að fylgja ákvæðum efnalaga nr. 61/2013. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

Meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lífdisel og öðrum lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

#### **4.5. Mengunarvarnabúnaður**

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

#### 4.6. Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

#### 4.7. Loftmengun

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu lofti. Þess skal gætt að ryk og lyktarmiklar eða hættulegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.

### 5. Prófanir og sýnatökur

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

#### 5.1. Mælingar í frárennsli

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olíuskilju reglulega. Tíðni mælinga á fráveituvatni olíuskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

#### 5.2. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema o.þ.h., árlega. Niðurstöður skulu skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

### 6. Innra eftirlit

---

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Krafa er um að á starfstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit, sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Upplýsingar um úrgang, þ.e. skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem er fluttur. Skrá skal tegund úrgangs, magn, uppruna, og ráðstöfun hvernar tegundar.
- Halda skal saman kvittunum fyrir spilliefnum sem starfstöðin skilar til viðurkenndrar móttökustöðvar, þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefna ásamt dagsetningu skilanna.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Halda skal saman dagbókafærslum um reglubundið eftirlit starfsmanna með olíuskilju, þ.e. dagsetning eftirlits og magn olíu og sands í skilju.
- Vegna tæmingu á olíuskilju skulu kvittanir fyrir þjónustu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Á kvittunum skal koma fram dagsetning tæminga sem og upplýsingar um það magn sem var tekið.
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskilju.
- Upplýsingar um prófanir á sjálfvirkum búnaði, s.s. á viðvörunarbúnaði og skynjurum, eftir því sem við á.
- Óhöpp og slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, sem og viðbrögð við þeim.

- Kvartanir m.t.t. umhverfismála

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Tæknilegar upplýsingar um olúgeyma og olú- og sandskiljur skulu vera tiltækar í gögnum fyrirtækisins.

**Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.**

## 7. Kröfur vegna starfsleyfis

---

Krafa er um að fyrir **lok nóvember 2022** verði sett niður sambyggð sand- og olúskilja sem taki við fráveitu þar sem vinna með olúur fer fram, þ.e. gólfi og vöskum á verkstæðinu áður en lagnir sameinast skólplögn.

Áður en gengið er frá vali á olúskilju skal senda Heilbrigðiseftirliti Austurlands reikniforsendur og upplýsingar um stærð skilju til samþykktar.

Skerma þarf af lóðarmörk í samræmi við grein 3.5. fyrir **1. Janúar 2024**. Starfsleyfishafi skal hafa samráð við sveitarfélagið varðandi framkvæmdina.

13. september 2022

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson

heilbrigðisfulltrúi

**FYLGISKJAL I****ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

**1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ**

1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.

1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)

1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.

1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

**2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI**

2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.

2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.

2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.



### 3. MENGUNARVARNIR

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.2 Lofttræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárenslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnunum ósonlagnisins.

3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

<

#### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

#### 5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.*

**FYLGISKJAL II**

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

## 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhæ, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.	737/2003	
2.3	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.4	Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	

### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olúgildrum.	550/2018	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.	798/1999 5. gr.	

### 4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Eldsneytistankar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
4.2	Díselolútankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olúskilju.	884/2017	
4.3	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
4.4	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegum umbúðum. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp. Skápurinn skal vera loftræstur og við hillur skulu vera lekabyttur.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
4.5	Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

## 5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Olíusúr og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusúm má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.2 Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3 Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar svo að ekki sé hætt á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4 Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.5 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.6 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð

1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

### **FYLGISKJAL III**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum*

## **Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1. Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á úrgangi frá sorpilátum til móttökustöðvar, frá starfsstöðvum til móttökustöðvar eða frá móttökustöðvum til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu. Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlitsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlitssvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi tilviðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Magn og gerð úrgangs sem flutt eru.
  - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
  - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
  - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
  - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

### **2. Mengunarvarnir og umhverfismál**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að sorp eða úrgangur geti ekki fallið af þeim og/eða úrgangur lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal gæta sérstakrar varúðar.
- 2.3 Einungis er heimilt að losa heimilissorp og framleiðsluúrgang á viðurkenndum sorpmóttöku- eða förgunarstöðum.
- 2.4 Ílát fyrir úrgang skulu merkt svo ekki fari milli mála hvað verið sé að flytja. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekktan.<sup>4</sup>

- 2.5 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða ónæðis.
- 2.6 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

### **3. Eftirlit með færánlegri starfsemi**

- 3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færánlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

## **Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR**

### **Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:**

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við. (ath. þó ekki seyra)

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

13. september 2022

Dagsverk ehf.  
Við Vallaveg  
700 Egilsstaðir

### **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Dagsverk ehf. að Vallavegi, 700 Egilsstöðum**

Umsókn um starfsleyfis fyrir sorpflutningum og sorphirðu og viðgerðaraðstöðu eigin véla og tækja í eigu fyrirtækisins barst 21.7.2022. Umsækjandi er Dagsverk ehf., kt. 701293-3989.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 21. júlí 2022 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda rann því út þann 18. ágúst 2022.

Athugasemd barst frá sveitarfélaginu Múlaþingi þann 17. ágúst sl. hvar gerð var krafa um frágang á lóðarmörkum. Tekið var tillit athugasemdarinnar og inn í starfsleyfið var sett krafa um að skerma þurfi af lóðarmörk með grindverki, mön eða gróðri innan lóðar.

Ekki bárust aðrar athugasemdir og ekki voru gerðar aðrar breytingar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.